



Lýsingarbúnaður fyrir innilaug Laugardalslaugar

ÚTBOÐ nr. 15545

Útboðslýsing

Kaupandi:

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Umsjónaraðili útboðs:

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Maí 2022

Efnisyfirlit

0. ÚTBOÐSSKILMÁLAR	3
0.1 Almenn lýsing útboðs	3
0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar	3
0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs	3
0.1.3 Útboðsgögn	3
0.2 Fyrirspurnir og viðaukar	4
0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun	4
0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs	4
0.4.1 Tilboð í hluta	4
0.4.2 Fyrirvarar	4
0.4.3 Frávikstilboð	5
0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði	5
0.6 Afturköllun tilboða	5
0.7 Opnun tilboða	5
0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs	6
0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna	6
0.10 Hæfi bjóðanda	6
0.10.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda	6
0.10.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu	6
0.10.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu	7
0.11 Samþykki tilboðs og samningur	7
1. SAMNINGSSKILMÁLAR	7
1.1 Verðlagsgrundvöllur	7
1.1.1 Rafrænar reikningar	8
1.1.2 UNSPSC vöruflokkun	8
1.2 Samskipti á samningstíma	9
1.3 Afhending og afhendingarskilmálar	9
1.4 Féviti	9
1.5 Óviðráðanleg ytri atvik	9
1.6 Ábyrgð og tryggingar	9
1.7 Misræmi í gögnum	9
1.8 Framsal réttinda	10
1.9 Skuldskeyting - undirverktaka	10
1.10 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð	10
1.11 Persónuvernd	10
1.12 Ábyrg innkaup	10
1.13 Vanefndir og uppsögn	10
1.14 Lög og reglugerðir	11
1.15 Ágreiningsmál	11
1.16 Gildistími samnings	11
1.17 Ónefnt ákvæði	11
2. TÆKNILÝSING	11
2.1 Almennt Kröfur um lýsingu	11

0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur(hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í „Lýsingarbúnaður fyrir innilaug Laugardalslaugar“ samkvæmt þessum útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð þar sem heildsalar lýsingarbúnaðar sem er geta lagt fram tilboð.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Nei.
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 27.5. 2022
- Svarfrestur kaupanda: 2.6. 2022
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 7.6.2022 kl. 10:00].
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opunardegi tilboða.

Stutt yfirlit

Bjóðandi skal leggja til lýsingarbúnað og hönnun fyrir innilaug Laugardalslaugar samkv. útboðsgögnum.

Lýsingarbúnaður og lýsingarhönnun þarf að henta fyrir sjónvarpsupptökur á íþróttaviðburðum. Laugardalslaugin fellur í flokk fyrir minni alþjóðlega viðburði í samræmi við staðalinn EN 12193 Lighting Class 1.

Það skal vera hægt að dimma lýsingu með DALI stýringu og tryggja mismunandi ljósasenur fyrir mismunandi notkun laugarinnar

0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1111

Netfang Innkaupaskrifstofu: utbod@reykjavik.is

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15545
- Tilboðsbók nr. 15545 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá, lágmarkskröfulista).



- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við, á í samræmi við kafla

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15545.

0.2 Fyrirspurnir og viðaukar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnir skulu merktar númeri útboðs og sendar í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða sendir og birtir handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Handhafar útboðsgagna bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Bjóðendum verður boðið upp á vettvangsskoðun ef þeir telja þörf á. Þeir sem vilja er heimilt að skoða staðhátta í samráði við verkkaupa og umsjóarman Laugardalslaugar, eigi síðar en tveim dögum fyrir lok fyrirspurnartíma

0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsskrá og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði sem hann skal bera samkvæmt þessum útboðsgögnum. Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum.

Ljósáútreikningar og önnur gögn sem tilgreind eru skulu auk þess innifalin í tilboði.

Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

0.4.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

0.4.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði vísað frá.

0.4.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

- ✓ Gögn samanber kafla 0.10.1.

A. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu

- ✓ Gögn samanber kafla 0.10.2.
- ✓ Gögn samanber kafla 0.10.3.
- ✓ Gögn samanber kafla 1.10.

B. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Gögn samanber kafla 2.1.
- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfylltur og undirritaður lágmarkskröfulist (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)

Til hægðarauka fyrir bjóðendur eru ákveðnar málsgreinar í köflum vegna ofangreindra liða A-B merktar með eftirfarandi hætti: ✓, sé bjóðendum skylt að skila gögnum til staðfestingar á að kröfur um hæfi sé uppfyllt. Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingu tilboðs.

0.6 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

0.7 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, heildartilboðsupphæð og hvort tilboð séu sett fram sem frávikstilboð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða samkvæmt tilboðsbók.

Tilboð verða metin á grundvelli innsendra gagna.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða á því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

0.10 Hæfi bjóðanda

0.10.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá.

0.10.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.

Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu umsækjanda eigi fyrr en 10 dögum fyrir opnunartíma tilboða og eigi síðar en degi fyrir opnunartíma tilboða.

0.10.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Á ekki við

0.11 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/eða „bjóðandi“.

1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

Tilboðsverð skal vera fast út samningstímann.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja greiðsla fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.1.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **570480-0149 Reykjavíkurborg – Eignasjóður** **XXXXXXXXXXXXXXXXXX**
- Kostnaðarstaður/deild: [kaupandi tilgreinir]
- Verknúmer og/eða verkþáttur: [kaupandi tilgreinir]
- Númer samnings/útboðsnúmer: [IKS tilgreinir]
- GLN kennitala: [kaupandi tilgreinir] (Kostnaðarstaður hjá Reykjavíkurborg)
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: 10101501
- Aðrar lögbundnar upplýsingar:

Reikningur þarf að innihalda einhverja af eftirtöldum tilvísunum:

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

1.1.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opin staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar. Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línnum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

1.2 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.3 Afhending og afhendingarskilmálar

Séu vörur skemmdar við afhendingu vegna flutninga, framleiðslugalla eða annarra ástæðna skal seljandi taka við skemmdu vörunum og afhenda heilar vörur eins fljótt og mögulegt er á sinn kostnað.

Seljandi ábyrgist að vörur séu samkvæmt forskrift útboðsgagna við afhendingu.

1.4 Févíti

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafist seljanda um févíti 0,2% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark févíta vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki févíta náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldajafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févítis ekki skilað sér.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna dráttá á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

1.5 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningsskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

1.6 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um starfssemi hans.

1.7 Misræmi í gögnum

Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

1.8 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

1.9 Skuldskeyting - undirverktaka

Á ekki við

1.10 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Á ekki við

1.11 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

1.12 Ábyrg innkaup

Á ekki við

1.13 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda og eða störfum seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Afhendi seljandi vöru, í eitt skipti, sem ekki uppfyllir kröfur kaupanda samkvæmt útboði þessu, er kaupanda heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara.

1.14 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímamann.

1.15 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1.16 Gildistími samnings

Gildistíma samnings líkur þegar seljandi vörunar hefur afhent vöruna að fullu samkv. samningi þessum í fullkomnu lagi. Ábyrgðartími er eftir sem áður samkvæmt lögum og ábyrgð framleiðenda.

1.17 Ónefnt ákvæði

Á ekki við

2. Tæknilýsing

2.1 Almennt Kröfur um lýsingu

Í lauginni fer fram sundþjálfun félags- og landsliða, skólasund og íþróttaviðburðir.

Lýsingarbúnaður og lýsingarhönnun þarf að henta fyrir sjónvarpsupptökur á íþróttaviðburðum. Laugardalslaugin fellur í flokk fyrir minni alþjóðlega viðburði í samræmi við staðalinn EN 12193 Lighting Class 1.

Það skal vera hægt að dimma lýsingu með DALI stýringu og tryggja mismunandi ljósasenur fyrir mismunandi notkun laugarinnar.

Við DIALUX lýsingarútreikninga sem bjóðandi framkvæmir fyrir sundlaugarsalinn og afhendir með tilboði sínu er best að lampar séu staðsettir á sömu svæðum og núverandi lampar eru staðsettir, með tilliti til uppsetningar og viðhalds. Staðsetning lampa er yfir bökkum, við báða enda laugar og meðfram langhliðum. Í dag eru engir lampar eru staðsettir yfir sjálfri lauginni. Staðsetning bita/festinga fyrir lampaupphengjur koma fram á teikningum. Þak laugarbyggingar er hallandi og staðsetjast því lampar í mismunandi hæðum eftir því við hvorn laugarbakka lampar eru. Gera skal tvenna ljósaútreikninga. Útreikninga fyrir almenna lýsingu miðað við Eav 500Lux, Emin/Eav 0.7 og útreikninga fyrir sjónvarpsupptöku Ecam min 1000Lux, Ecam ave 0.7 fyrir aðalmyndavél - sjá annars meðfylgjandi leiðbeiningar um lýsingar útreikning í niðurstöðum útreikninga skal jafnframt koma fram fjöldi lampa, ljósmagn frá hverjum lampa og staðsetning hvers lampa í rými og hæð.

Ljósabúnaður þarf að vera flöktfrír í dimmingu frá 100% til 1% birtumagns. Ljósabúnaður skal vera staðsettur yfir laugarbökkum í samræmi við núverandi uppsetning eins og áður er getið - sjá fylgigögn fyrir lýsingar útreikninga. Lampar skulu vera með innbyggðum DALI dimmanlegum straumgjafa. Nauðsynlegar upphengjur og festbúnaður skal fylgja með lampanum og innifalið í verði. Allur búnaður skal vera viðurkenndur fyrir að þola sundlaugarumhverfi þar sem vænta má að loft geti orðið klór- og rakamettað við ákveðnar aðstæður. Búnaðar skal vera að lámarki IP65

Minimum requirements need to be proven with documents

- Colour quality: eCRI-90, TLCI-90+, TM30-89
- LED Chromacity: SDCM 3
- Colour tempature: 4000 Kelvin
- Flicker-free operation suitable for HDTV broadcasting
- EN AC-44300, standard corrosion class C5 according to ISO 9223: 2012.
- resistant to chlorine corrosion
- Glass: toughened with anti-reflecting coating
- Screws: stainless steel 316
- Warranty not less than five years, including the driver
- IP65
- IK08
- Lifetime greater than 50.000hrs
- Comply with the DIN 577 710 /13 ball test
- DALI dimmable fittings